

Mál nr. 368/2021**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Skálholtsstíg við gatnamót Þingholtsstrætis 27. september 2021.****Gögn.**

Málskot, dags. 29. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 8. október 2021, ásamt tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi.

Bréf V2, dags. 22. október 2021, ásamt tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis um tjónsatvik 27. september 2021 kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B við gatnamót Skálholtsstígs og Þingholtsstrætis. Bifreið A var ekið vestur Skálholtsstíg og bifreið B ekið af Þingholtsstræti í suðurátt inn á gatnamótin þegar áreksturinn varð. Engin bið- eða stöðvunarskylda er á gatnamótunum og hvorugur ökumanna sagðist hafa séð hinn í aðdraganda áreksturs. Vitni sem vísað er til í skýrslunni bera að þeim hafi sýnst ökumaður bifreiðar B hafa ætla að aka gegn einstefnumerki á Þingholtsstræti áfram suður þá götu. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B í skýrslunni að hún hafi ekið inn á gatnamótin á um 30-40 km/klst og sá ekki bifreið A sem var henni á vinstri hönd, en hefði ekki ekið gegn einstefnu inn Þingholtsstræti. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa ekið á um 20 km/klst og hafi ekki séð bifreið B á hægri hönd, en að bifreið hans hafi snúist í hálfhring á gatnamótunum.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hún hafi ekið of hratt og ætlað að aka gegn einstefnu og ökumenn hafi báðir verið sammála um sök B á vettvangi, en hún hafi einnig tekið beygju inn á gatnamótin án þess að hlýða fyrirmælum umferðarlaga. M telur sig hafa gætt að umferð frá hægri með fullnægjandi hætti og vísar til ákomu á bifreið sinni því til stuðnings. Einnig telur M að starfsmaður Aðstoðar&Öryggis hafi ekki sinnt skýrslugerð með fullnægjandi hætti.

V1 hefur ekki sérstakar athugasemdir í málinu en V2 telur alla sök vera á ökumanni bifreiðar A þar sem skýr varúðarskylda hafi verið á honum vegna umferðar frá hægri, sbr. fyrirmæli í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Einnig vísar V2 til þess að í skýrslu af vettvangi komi fram að hvorugur ökumanna hafi séð hina bifreiðina fyrir árekstur.

Álit.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skal sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang nema annað leiði af 19. gr. laganna. Í þeirri grein er m.a. kveðið á um að sá sem ætlar að aka inn eða beygja á gatnamótum skuli sýna tillitsemi og að hægri beygju skuli taka sem næst hægri brún akbrautar.

Ljóst er af akstursstefnu bifreiða A og B að M sem ökumaður bifreiðar A var með bifreið B á hægri hönd og bar að veita þeirri bifreið forgang í samræmi við fyrrgreind fyrirmæli 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga. M ber einnig sönnunarbyrði um að akstur ökumanns bifreiðar B hafi verið í andstöðu við fyrirmæli umferðarlaga. Það fær ekki næga stöð í framburði vitna sem vísað er til í skýrslu um tjónsatvikið og verður M að bera hallann af sönnunarskortum um það. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M sem ökumaður bifreiðar A beri alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á ökumann bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.